

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Ásahreppi, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

Syðri-Hamrar 3, Ásahreppi. Deiliskipulag tveggja frístundahúasvæða.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps á fundi sínum 14. júlí 2009 deiliskipulag fyrir Syðri-Hamra 3.

Deiliskipulagið á Syðri-Hömrum 3 (landnr. 200445) nær til tveggja svæða undir frístundabyggð í landi Syðri-Hamra 3. Á svæði F5, er gert ráð fyrir allt að 5 lóðum, en svæðið nær einnig til frístundabyggðar í Selholti. Á svæði F1 er gert ráð fyrir allt að 4 smáhýsum á um 1 ha svæði sunnan Kálfholtavegar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Efri-Rot, Rangárþingi eystra. Deiliskipulag fyrir íbúðarhús, 2 sumarhús og skemmu.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 7. október 2010 deiliskipulag í landi Efri-Rota. Deiliskipulagið tekur til byggingar á íbúðarhúsi, 2 frístundahúsum og skemmu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Koltursey. Deiliskipulag 10 ha spildu úr landi Miðeyjar, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 9. desember 2010 deiliskipulag í landi Kolturseyjar. Deiliskipulagið nær til Kolturseyjar, sem er um 10 ha spilda úr landi Miðeyjar. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, bílskúrs/skemmu, reiðskemmu og smáhýsa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skarðshlíð I, Rangárþingi eystra, deiliskipulag íbúðarhúss, útihúsa og smáhýsa.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 16. ágúst 2010 deiliskipulag u.þ.b. 5 ha svæðis í landi Skarðshlíðar I. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, útihúsa og smáhýsa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Staðarbakka í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 16. ágúst 2010 deiliskipulagsbreytingu frístundabyggðar í landi Staðarbakka.

Breytingin felur í sér að byggingarreitir eru stækkaðir úr 750 m² í 2.500 m². Einnig er gerð breyting á greinargerð sem heimilar allt að 3 hús á hverjum byggingarreit, þ.e. auk aðalhúss geti verið gestahús, geymsluhús, gróðurhús og/eða bílageymsla.

Aðalhús geti verið allt að 150 m² og aukahús allt að 40 m² hvort hús.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags frá 22. nóvember 2005.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gata, Rangárþingi ytra. Deiliskipulag tveggja íbúðarhúsalóða.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsráð, í umboði hreppsnefndar Rangárþings ytra, á fundi sínum 30. júlí 2010, deiliskipulag í landi Götu. Deiliskipulagið nær til tæplega 1 ha svæðis úr landi Götu í Holtum. Deiliskipulagið tekur til tveggja íbúðarhúsa og bílskúra við þau.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag hálandismiðstöðvar að Hrauneyjum, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 13. janúar 2011, deiliskipulag fyrir Hrauneyjar hálandismiðstöð. Deili-

skipulagið nær til um 6 ha lóðar hálandismiðstöðvarinnar Hrauneyja, landnr. 179274. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir stækkun hálandismiðstöðvarinnar, sem felur í sér stækkun á núverandi gistirými og byggingarreit fyrir fræðslustofu. Deiliskipulagið er í samræmi við aðal- skipulag Rangárþings ytra 2010-2022, þar er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Eldra deiliskipulag unnið af Litlu teiknistofunni, dags. í júní 1993 með síðari breytingum, er fellt úr gildi.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lambhagi, Rangárþingi ytra. Deiliskipulag fyrir íbúðarhús, bílskúr, skemmu, gripahús og fjós.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 4. nóvember 2010, deiliskipulag í landi Lambhaga. Deiliskipulagið nær til rúmlega 10 ha svæðis í landi Lambhaga.

Deiliskipulagið tekur til nýs íbúðarhúss, bílskúrs, skemmu, gripahúss og fjóss.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mið-Sel, Rangárþingi ytra. Deiliskipulag fyrir gestahús og hesthús/reiðskemmu.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 26. maí 2010, deiliskipulag í landi Mið-Sels. Deiliskipulagið nær yfir ríflega 3,5 ha af landi Mið-Sels (landnr. 199841), Rangárþingi ytra, sem er í heild um 54 ha. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir gestahús og hesthús/reiðskemmu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 17. mars 2011.

F.h. Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson,

skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.